

Athugasemdir vegna Kaldárselvegar og Ásvallabrautar.

Til : Berglind Guðmundsdóttir
Frá : Sjofnj@live.com
Heiti : Athugasemdir vegna Kaldárselvegar og Ásvallabrautar.
Málsnúmer : 1404083
Málsaðili : Hafnarfjarðarkaupstaður
Skráð dags : 09.04.2017 22:22:31
Höfundur : Sjofnj@live.com

Hafnarfirði 9. apríl 2017

Athugasemdir vegna breytinga á Kaldársselsvegi og Ásvallabraut.

1. Það vantar algjörlega hljóðmön fyrir íbúa í Úthlíð. Hún þarf að vera það há að hljóðið berist yfir húsið svo hægt verði að sofa í svefnherbergjum á annarri hæð. Ég bendi í þessu sambandi á reglugerð nr 724 um hávaða sem undirrituð var 7. júlí 2008 af þáverandi umhverfisráðherra Þórunni Sveinbjarnardóttur. Í 5. grein segir m.a. *Við breytingu á umferðaræð í byggð sem fyrir er, sem leitt getur til aukins hávaða, skal grípa til mótvægisáðgerða til þess að koma í veg fyrir að hljóðstig hækki.* Ég geri því þá kröfu að hávaði skuli mældur af óháðum aðila áður en framkvæmdir hefjast, á meðan þær standa yfir og eftir að þeim er lokið. Verði þessar mælingar svo gerðar á þriggja ára fresti til að tryggja að ekki sé bætt við hávaða við Úthlíð 31 og annars staðar í Mosahlíð.
2. Loftgæði verða verri í Mosahlíð sérstaklega í austan og suðaustanátt. Hvernig verður brugðist við því?
3. Vegna fornminja sem ætlað er eyðileggist við framkvæmdir legg ég til að hringtorg og vegir verði færðir austar.
4. Miðað við teikningar verður mjög erfitt að ganga yfir í Ásland frá Mosahlíð. Bendi á í því samband að strætisvagnar nr. 44 sem fara í Ásland 3 stoppa eingöngu Áslandsmegin og býður það hættunni heim að börn og unglingar hlaupa yfir Kaldárselsveg til að fara í og úr strætó. Það þýðir ekki að segja þeim að fara niður að kirkjugarðinum til að fara yfir veginn.
5. Á kynningarfundum þann 28. mars var ýmist sagt að Ásvallabraut og Flóttamannavegurinn væru tilvonandi ofanbyggðarvegur eða bara götur milli hverfa. Ég vil fá svar við þessu. Einnig kom fram að 15.000 bílar myndu aka þennan veg árið 2025. Sé það rétt verður að setja undirgöng fyrir gangandi fólk undir veginn og gera mismislag gatnamót. Það verður stórhættulegt að fara yfir við hringtorgin eins og gert er ráð fyrir á teikningum.
6. Miðað við teikningar er ekki gert ráð fyrir að hægt sé að ganga yfir í skógræktina nema þeim megin sem hestúsin eru. Hvað með gönguleiðir hinum megin við Kaldárselsvegin?
7. Hestar losna iðulega úr gerðum í hesthúsahverfinu. Eins geta knapar dottið af baki og hesturinn því laus. Þessir hestar geta valdið dauðaslysi með því að hlaupa fyrir bíla sem eru kannski á 70-80 km hraða. Það skiptir ekki máli hvaða hámarkshraði verður settur, fólk fer ekki eftir því.

8. Heyrt hef ég að ein ástæða fyrir Ásvallabrautinni sé til þess að það séu fleiri en ein leið út úr Vallahverfinu. Þær eru nú þegar þrjár.

a. Ásbraut niður á Strandgötu.

b. Rauðhella/Krýsuvíkurvegur út á Reykjanesbraut.

c. Krýsuvíkurvegur/Hvaleyrarvatnsvegur niður á Kaldárselsveg.

Væri ekki hægt að efla leið C og sleppa nýju Ásvallabrautinni?

9. Hvar verða skólagarðarnir?

10. Er ekki verið að færa vandamálin við Hlíðartorg og Kaplartorg á þessi nýju hringtorg? Hvers vegna eru ekki gerð mislæg gatnamót á Hlíðartorgi til að létta á umferð frá Setbergshverfi? Þessi nýja áætlun breytir engu þar um og jafn erfitt verður að komast úr úr hverfinu.

Sjöfn Jónsdóttir,

kt. 130264-2399,

Úthlíð 31,

sjofnj@live.com